



Arna Valsdóttir er fædd á Akureyri 1963. Hún nam myndlist við grafíkdeild MHÍ og lauk framhaldsnámi frá fjöltæknideild Jan van Eyck Academie í Maastricht árið 1989. Á þeim tíma fór hún að gera tilraunir með það að tengja saman fleiri þætti í myndlistinni og vann gjarnan verk þar sem saman fór hljóð, rými, mynd og hreyfing.

Arna hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og unnið einkasýningar þar sem hún vinnur verk beint inn í það rými sem hún velur hverju sinni.

Hún hefur á frá árinu þróað gagnvirkt innsetningarverk sem hún kallar „Ég er ögn í lífrænni kviksjá“ og hefur ferðast með það til ólíkra staða, sett upp í mismunandi rýmum og hefur verkið breyst og tekið lit af hverjum stað sem það mætir.

Verkið hefur hún meðal annars sett upp í Garðskagavita, í Austurbæ, í Boxinu, í Hafnarfjarðarleikhúsinu, í Nýlistasafninu, í kjallara Kirsuberjatrésins, í Populus Tremula, í Ketilhúsinu, í Epal, í Verksmiðjunni á Hjalteyri, í Kunstraum Wohnraum, á fjölmeningardögum í Gerðubergi og einnig á margvíslegum ráðstefnum um skólamál, í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og í Háskólanum á Akureyri.

Arna hefur að auki tekið þátt í fjölda samsýninga, unnið hljóðmyndir fyrir útvarp og hefur lengst af starfað við listkennslu.